

Eusebio var vel fagnað við komuna hingað í gær

Í dag fáum við að sjá eitt frægasta knattspyrnulið heims leika hér á Laugardalsvelli, þegar Benfica frá Portúgal leikur gegn Val í Evrópukeppni meistaraíða og væri synd að segja að þeir kapparnir hefðu ekki fengið verðugar móttökur hér. Þegar síðast fréttist var búið að selja á 11. þúsund aðgöngumiða að leiknum og hér á myndunum sjáum við strákana sem komnir voru til að fagna frægasta kappanum í liðinu, Eusebio, þegar hann kom að Loftleihótelinu í gær.

Þeir á efri myndinni eru allir KR-ingar og sögðust ætla að halda með Benfica en ekki Val og einnig sögðu þeir að Eusebio væri næstbesti fótboltamaður í heiminum, en Péle væri bestur. Þeir eru allir í 5. fl. í KR og heita talið frá vinstri: Ríkharður Sverrisson, Þorsteinn Alexandersson, Gunnar Gunnarsson og Árni Arnason.

Á neðri myndinni sést ungur Valsmaður sem hefur komið sér vel fyrir til að fylgjast með æfingu Benfica á Valsvelli í gær, og var þar margt manna sem sá snillingana taka léttu æfingu. — (Ljós, Þjóðv. H. G.).



Félagar og stuðningsmenn ÆF

Munið afmælishappdrætti Fylkingarinnar — listmunahappdrættið. Fimm glæsilegir vinn-ingar:

Mynd eftir Sverri Haraldsson. Málverk eftir Benedikt Gunnarsson.

Veggteppi eftir Ásgerði Búa-dóttur.

Sílfurhálsmen eftir Jóhannes Jóhannesson.

Keramík eftir Hauk Sturlu-son.

Miðar í litlu upplagi. Dregið þann 6. október n.k. Þeir, sem hafa fengið miða senda — ger-ið skil sem fyrst í skrifstofu ÆF í Tjarnargötu 20, opið frá kl. 2-8 s.d., alla daga nema sunnu-daga. Þar er einnig hægt að fá miða keypta.

Tvö vinnuslys

Tvö vinnuslys urðu í gær. — Annað við uppskipunarvinnu á höfninni, er maður fékk á sig kassa, sem verið var að skipa upp úr lest og meiddist maður-inn og var fluttur á slysavár-stofuna, en lögreglunni var ó-kunnugt um meiðsl mannsins.

Þá féll maður af vinnuþalli við hús við Hámúla og meidd-ist hann á fæti.

Norðurland vestra

Frámhald af 1. síðu.

er rekið af einstaklingi og hitt af kaupfélaginu og er fyrirsjá-anlegt, að þessi atvinnurekstur þarf einhverja fyringreiðslu, ef ekki á illa að fara enda hefur aðstoð frá atvinnuálanefnd oft gert gæfumuninn — þótt í litl-um mæli hafi verið oft á tíðum.

Hefur fiskkúliði verið verð-bætt um 50 aura á vegum at-vinnuálanefndar. Ef ekkert verður að gert, þá er fyrirsjá-an-legt mikið atvinnuleysi á Sauð-ákróki í vetur.

BLAÐBURÐUR

Blaðburðarfólk óskast í Kópavog:

Austurbæ og Vesturbæ.

Sími 40753.

Um 3000 ökumenn kærðir frá H-degi

Ökuhraði bifreiða hefur stór- aukizt undanfarið

Athuganir, sem gerðar hafa verið á ökuhraða bifreiða í Rvík og á nokkrum þjóðvegum, hafa leitt í ljós þá staðreynd, að öku-hraði virðist hafa aukizt mjög mikið að undanförmu. Er hér um að ræða mjög alvarlega stað-reynd, þar sem skammt er liðið frá gildistöku hægru umferðar og framundan er hættulegasti tími ársins í umferðinni.

Frá því á H-dag, 26. maí s.l. hefur lögreglan í Reykjavík m.a. kært marga bifreiðastjóra fyrir of hraðan akstur, eftir að öku-hraði bifreiða þeirra hafði verið mældur með ratsjá, og fjölmarg-ir bifreiðastjórar hafa verið kærðir fyrir of hraðan akstur af lögreglumönnum á bifhjóllum og bifreiðum lögreglunnar, eða sam-tals um þrjú þúsund ökumenn.

Undanfarið hefur verið umnið og hraðamælingum með ratsjá á Reykjanesbraut og á þjóðveg-um í Arnessýslu og hafa þær mælingar verið framkvæmdar af lögreglumönnum í þjóðvegafirli ri ríkislögreglunnar og lög-reglumönnum frá Selfossi og Hafnarfirði.

Á Reykjanesbraut voru t.d.

kærðir 20 ökumenn á 3 klst., sem öku á um og yfir 100 km hraða, þar af einn á 130 km hraða. Á vegum í Arnessýslu voru um sl. helgi teknir nokkrir ökumenn á um og yfir 100 km hraða, og margir kærðir fyrir of hraðan akstur í Reykjavík, en

Fyrstu tónleik-arnir í Norræna húsinu á morgun

Annað kvöld, fimmtudag, efn-ir Kammermúsikklúbburinn til tónleika í Norræna húsinu og eru það fyrstu tónleikar sem þar eru haldnir.

Þetta eru 2. tónleikar Kammer-músikklúbbsins á starfsárinu. — Flutt verða tvö verk: Tríó í B-dúr op. 99 eftir Schubert og Kvintett op. 57 eftir Sjostakovitsj. Flytjendur eru Rögnvaldur Sig-urjónsson, Björn Ólafsson, Jón Sen, Ingvar Jónasson og Einar Vigfússon.

Peningakassi Hí-býlaprýði er fund-inn — en tómur

Á sjöunda tímanum í gærkvöld fannst peningaveski, sem stolið hafði verið úr Híbýlaprýði við Hallarmúla aðfaranótt mánu-dagsins. Fundu börn kassann í hrauninu skammt frá Vífilsstöð-um — en kassinn reyndist tómur og hefur enn ekki hafzt upp á sökudólgunum.

Eldur kom upp í Seðlabankanum

Eldur kom upp í kjallaraher-bergi í Seðlabankanum í gær-morgun en hann var fljótlega slökkur og hlutust litlar skemmd-ir af. Kviknaði í út frá ljósa-stæði og var smáglóð í bita í lofti er slökkviliðið kom að. Var unnt að slökkva eldinn með einu handsliðkvitæli og koma pann-ig í veg fyrir bruna á „grasi af seðlum“.

ÞJÓÐVILINN

Miðvikudagur 18. september 1968 — 33. árgangur — 198. tölublað.

Leikfélag Reykjavíkur hefur vetrarstarfsemina:

Frum-sýning á Manni og konu á laugardag

Leikfélag Reykjavíkur frum-sýnir á laugardaginn Mann og konu eftir Jón Thoroddsen í leikritgerð Emils Thoroddsen og Indriða Waage. Hefur leikritið fjórum sinnum verið sýnt í þess-um húningi í Reykjavík, en þetta er önnur sviðsetning þess hjá LR. Þessi sýning, og jafnframt önnur sýning á sunnudaginn, er liður í afmælishátíð Bandalags íslenskra listamanna.

Í ár eru liðin 150 ár frá fæð-ingardegi Jóns Thoroddsens og 100 ár eru frá dauða hans.

Sveinn Einarsson leikhússtjóri sagði á blaðamannafundi í gær að æfingar á Manni og konu hefðu hafizt í vor. Leikstjóri er Jón Sigurbjörnsson og leikmynd-ir eru gerðar af Steinþóri Sig-urðssyni. Meðal leikenda eru Brynjólfur Jóhannesson sem leikur séra Sigvalda, en hann lék einnig það hlutverk við frum-uppfærslu leikritsins fyrir u.p.b. 25 árum. Varð séra Sigvaldi ein-hver frægasta persóna sem Brynjólfur hefur skapað á sviði. Regína Þórðardóttir leikur Þór-disi í Hlíð, Inga Þórðardóttir Staða-Gunna, og Valdimar Helga-son Hjálmar tudda. Hafa þau Inga og Valdimar bæði leikið þessi hlutverk áður. Meðal annarra leikenda eru Þorsteinn Gunnarsson, Valgerður Dan, Steindór Hjörleifsson og Kjartan Ragnarsson.

Næsta verkefni LR er pólska leikritið Yvonne Burgundaprins-essa sem Magnús Jónsson hefur þýtt. Leikstjóri verður Sveinn Einarsson. Er ætlunin að frum-sýna leikritið seinni hluta ok-tóbermánaðar.

Tekin verða upp þrjú leikrit

Fjórði viðræðu-fundurinn í gær

Fjórði fundur ríkisstjórnarinn-ar með fulltrúum stjórnarand-stöðuflokkaanna fór fram í gær-dag og stóð í rösken klukkuk-útlma. Fyrsti fundur var haldinn þann 3. september. Ekki var gef-in út sérstök fréttatilkynning um fundinn í gær.

Alþýðubandalagið í Reykjavík

Fulltrúaráðs-fundur

Fundur verður haldinn í Fulltrúaráði Alþýðubanda-lagsins í Reykjavík annað kvöld í Lindarbæ kl. 8.13 — þrettán mínútur yfir átta. Á dagskrá verður kosning kjörnefndar vegna lands-fundar Alþýðubandalagsins.

Félagsfundur

Almennur félagsfundur verður haldinn í Alþýðu-bandalaginu í Reykjavík annað kvöld að loknum fundi Fulltrúaráðsins — kl. 8.45 í Lindarbæ.

DAGSKRÁ:

1. Viðhorfin í efnahagsmáls-um. Frummælendur: Lúð-vík Jósefsson alþm. og Guðmundur Vigfússon, borgarráðsmaður.
2. Önnur mál.

Stjórnin.

Frá fundi Alþýðusambands Austurlands



Myndin er tekin af fulltrúum, sem sátu kjördæmisráðsfund Alþýðubandalags Austurlands á Egils-stöðum um helgina, en ályktun fundarins um málefni Alþýðubandalagsins, landsfund þess og skipu-lag, var birt í blaðinu í gær. Myndina tók Fjola Steinsdóttir.